

Fundargerð 201. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 2. maí 2018
Fundartími:	13:30 – 17:10
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Margrét Jónsdóttir Svanhvít Hermannsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Rósa Matthíasdóttir Friðrik Einarsson KPMG endurskoðun undir lið nr. 3 Sólveig Þórðardóttir undirlið nr. 8 Guðmundur Daníelsson undir lið nr. 15 Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 154, dags. 10.04.2018

a) Hnaus 2 Ýmsar lagfæringar ásamt leiðréttingu á lóðarmörkum: Deiliskipulagsbreyting – 1804007

Lögð fram umsókn Önnu Fjólu Gísladóttur og Gísla B Björnssonar dags. 19. mars 2018 um breytingu á deiliskipulagi í landi Hnauss 2. Í breytingunni felst að afmörkuð er neysluvatnsborhola ásamt brunn- og grannsvæði, lóðamörk lóða 1 – 4 breytast lítillaga, byggingarreitur hótels stækkar og jarðhýsi og hreinsivirki staðsett innan byggingarreits auk umfjöllunar um efnistöku.

Afgreiðslu frestað þar til umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggur fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og frestar afgreiðslu umsóknarinnar með 5 atkvæðum.

b) Hrafnshagi: Arabær: Deiliskipulag – 1601030

Lögð fram enn á ný tillaga að deiliskipulagi fyrir nýbýlið Hrafnshagi úr landi Arabæjar. Tillagan hefur þegar verið auglýst tvisvar sinnum en í báðum skiptum hefur ekki náðst að klára málið með gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun. Nú er búið að gera viðeigandi lagfæringar á gögnum og er óskað eftir að það verði auglýst að nýju skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst að nýju skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Grænhólar lóð 1 lnr. 218185: Íbúðarhús, skemma og gistihús: Lögbyli: Deiliskipulag – 1708017

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu deiliskipulags fyrir lóðina Grænhólar lóð 1, sem er 9,8 ha spilda þar sem gert er ráð fyrir að byggt verði íbúðarhús, skemma og þrjú allt að 30 fm gistihús.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillaga að deiliskipulagi svæðisins verði kynnt skv. 4 mgr. 40. gr. skipulagslaga með fyrirvara um lagfæringar á gögnum í samráði við skipulagsfulltrúa. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 76 – 1804001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl 2018

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 155, dags. 26.04.2018

a) Langholt 2 lnr. 166249: Tvær íbúðarhúsalóðir: Deiliskipulag – 1802012

Lögð fram deiliskipulagstillaga fyrir tvær íbúðarlóðir á um 4 ha lands undir íbúðarhús, bílskúr og skemmu að Langholti 2. Lýsing deiliskipulags var kynnt með auglýsingu dags. 21. mars. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan sé kynnt sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun landsins og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga Þá er ekki gerð athugasemdi við heiti landsins. Leita þarf umsagna Minjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar og Veðurstofunnar. Bent er á að ekki finnast í gögnum neinar upplýsingar um heiti landsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar að öðru leyti með 5 atkvæðum.

b) Skálmholt land F lnr. 199346: Steinhólar: Deiliskipulag – 1802011

Óskað er eftir að taka fyrir deiliskipulagstillögu fyrir Steinhóla úr landi Skálmholts dags. 18.04.2018. Landið er 15 ha að stærð. Um er að ræða deiliskipulag á um 5,4 ha svæði. Tillagan tekur til nýs aðkomuvegar og þriggja byggingarreita fyrir tvö íbúðarhús, bílskúrs, útihúss, geymslu og vélargeymslu. Einnig er óskað eftir að nafninu á landinu verði breytt í Steinhóla.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagstillaga verði kynnt skv. 4 mgr. 40 gr. skipulagslaga. Ekki er gerð athugasemd við stofnun landsins og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Óskað verður eftir umsögn frá Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að nafninu verði breytt í Steinhóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 77 – 1804002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18.04.2018.

3. Ársreikningur Flóahrepps 2018 – Fyrri umræða

Friðrik Einarsson frá KPMG endurskoðun fór yfir og kynnti ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2017 ásamt endurskoðunarskýrslu. Sveitarstjórn þakkar Friðrik fyrir skýra framsetningu og greinargóð svör við fyrirspurnum. Einnig er starfsmönnum sveitarfélagsins þakkað gott utanum hald um bókhald og fjárreiður. Ársreikningi ársins 2017 ásamt endurskoðunarskýrslu er vísað til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Ungmennaráð Flóahrepps – tillaga að samþykktum

Lögð fram tillaga að samþykktum fyrir Ungmennaráð Flóahrepps. Sveitarstjórn mælir með því að stofnað verði sjálfstætt ungmennaráð í byrjun næsta kjörtímabils en vísar ákvarðanatöku um sjálfstætt starfandi ungmennaráð og tillögu að samþykktum til nýrrar sveitarstjórnar sem tekur til starfa í júní 2018. Bent er á að aðlaga þarf samþykktirnar að starfsumhverfi sveitarfélagsins Flóahrepps og að tryggja þarf að allir nefndarmenn gangi ekki úr stjórn á sama tíma.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Samstarfs- og þjónustusamningur UTU við Héraðsskjalasafn Árnesinga

Lagður fram til afgreiðslu samningur Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. kt. 580209-0170, Dalbraut 12, 840 Laugarvatni (verkkaupi) og Héraðsskjalasafns Árnesinga kt. 630189-2849, Austurvegi 2 800 Selfossi (verktaki) um samstarf- og þjónustu við frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila nr. 573/2015.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá SASS - Umhverfis-Suðurland – Strandhreinsun

Lagt fram erindi frá Verkefnastjórn Umhverfis Suðurland þar sem sveitarfélög eru hvött til þess að taka þátt í Norræna Strandhreinsunardeginum með því að hvetja til og skipuleggja hreinsun með ströndum hafs og stöðuvatna innan sveitarfélgamarkanna 5., 6., 12., og 13. maí.

Sveitarstjórn hvetur einstaklinga og félagasamtök til þess að taka virkan þátt í verkefninu og efna til viðburða í tengsum við „Umhverfis- Suðurland“. Minnt er á að sérstakt hreinsunaráttak er í gangi í sveitarfélaginu dagana 18. – 24. maí en þá er hægt að óska eftir gámum frá ÍGF heim á bæi. Auk þess verða gámar staðsettir á plani við Hraungerði og við Félagslund þar sem hægt er að losa flokkað timbur og járn. Íbúar eru hvattir til þess að nýta sér gámana.

Flóaskóli vinnur að verkefnum þar sem áhersla er lögð á umhverfishreinsun og umhverfisvitund. Leikskólinn Krakkaborg er þátttakandi í Grænánaverkefninu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá Búnaðarfélagi Hraungerðishrepps – vegtenging milli Oddgeirshóla og Langholts

Lagt fram erindi frá Búnaðarfélagi Hraungerðishrepps þar sem óskað er eftir að Flóahreppur beiti sér fyrir því að vegurinn milli Oddgeirshóla og Langholts verði tekinn inn á vegaskrá og að hann verði heflaður sem fyrst.

Þar sem umræddur vegur er mikilvæg samgönguleið en ekki á vegaskrá hefur Flóahreppur kostað heflun á honum einu sinni á ári. Sveitarstjóra falið að óska eftir heflun á veginum eins fljótt og mögulegt er og senda erindi til Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir því að vegurinn verði aftur tekinn inn á vegaskrá.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Samstarfssamningur Flóahrepps og Kvenfélags Villingaholtshrepps

Lagt fram erindi frá Sólveigu Þórðardóttur formanni Kvenfélags Villingaholtshrepps þar sem óskað er eftir því við Flóahrepp að gerður verði samningur um afhendingu eignarhluta Kvenfélagsins í Þjórsárverri til Flóahrepps gegn endurgjaldslausum afnotum á félagsheimilum sveitarfélagsins fyrir menningar og félagsstarf. Fyrir liggur samningur í þríriti.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.

Sólveig Þórðardóttir mætti til fundarins og undirritaði samninginn fyrir hönd Kvenfélags Villingaholtshrepps.

9. Menningarstyrkur Flóahrepps – umsóknir

Þrjár umsóknir bárust um menningarstyrk Flóahrepps árið 2018. Umsóknum vísað til umsagnar hjá faghópi SASS og Menningarnefnd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Skógræktarfélaginu Samhygð – styrkumsókn vegna Timburhólaskógar

Lögð fram umsókn frá Helga Stefánssyni fyrir hönd Skógræktarfélagsins Samhygðar, um styrk kr. 200 þúsund kr. til grisjunar og stígagerðar í Timburhólaskógi.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu eins og það liggur fyrir en bendir á þann möguleika að hægt er að leita eftir vinnuframlagi frá Vinnuskóla Flóahrepps ef það hentar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Skákfélaginu Hróknum – styrkumsókn

Lagt fram erindi frá Skákfélaginu Hróknum þar sem óskað er eftir styrk til starfsins í tilefni af 20 ára afmæli félagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Heimi Ólafssyni

Lagt fram erindi frá Heimi Ólafssyni þar sem óskað er eftir fresti á flutningi á íbúðarhúsinu Skólatúni sem átti að fara af lóð Flóaskóla í lok maí.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að framlengja frestinn til 10. ágúst 2018.

13. Skólaakstur í Flóaskóla skólaárið 2018 – 2019

Gerð er tillaga um að framlengja nógildandi samninga um allan skólaakstur í Flóahreppi um eitt ár. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum og felur sveitarstjóra að ganga frá samningunum.

14. Erindi frá Anný Ingimarsdóttur – Vegna skólavistunar

Lagt fram erindi frá Anný Ingimarsdóttur þar sem óskað er eftir því að gerð verði könnun á þörf foreldra barna í 1. – 4. bekk skólaárið 2018 – 2019 fyrir það að skólavistun verði opnuð fyrir skólabyrjun. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna hjá skólastjóra Flóaskóla hvort þessi möguleiki sé fyrir hendi og að óska eftir því að kannað verði hjá foreldrum elstu nemenda Krakkaborgar og foreldrum 1. – 3. bekkjar Flóaskóla hver mikil nýting yrði á auknum opnunartíma ef til kæmi. Miðað yrði við að opnað væri í vikunni eftir verslunarmannahelgi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Flóaljós

Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri mætti til fundarins og kynnti framgang og stöðu verkefnisins. Opnuð hefur verið heimasíða verkefnisins www.floaljos.net. Einnig lagt fram og undirritað umboð fyrir sveitarstjóra og starfsmenn skrifstofu Flóahrepps til úttekta af innlánsreikningi sem stofnaður verður í nafni Flóaljóss.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

17. Fundargerðir

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 200 dags. 04.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Menningarnefndar Flóahrepps nr. 6, dags. 05.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 108 dags. 17.04.2018**
Sveitarstjórn tekur undir með fræðslunefnd varðandi þörf á auknu starfshlutfalli við húsvörslu. Lagt er til að skoðaðir verði möguleikar á því að ráða starfsmann í fullt starf við húsvörslu og umsjón með skólamannvirkjum og skólalóð.
Einnig rætt um þörf á aukinni opnun á skólavistun. Málið verður skoðað.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- d) **Æskulýðs- og tómstundanefndar nr. 35, dags. 23.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn þakkar hlý orð æskulýðs- og tómstundanefndar til sveitarstjórnar og þakkar fyrir samstarfið.
- e) **Stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs nr. 52 dags. 26.04.2018**
Fundargerðin lögð fram ásamt ársreikningi ársins 2017, ársskýrslu ársins 2016 og samstarfssamningi UTU við Hérðasskjalasafn Árnesinga. Sjá lið 5 hér fyrir framan.
Ársreikningur ársins 2017 samþykktur.
Fundargerðin samþykkt með 5 atkvæðum.
- f) **Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 27.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 10.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 16, dags. 23.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árnessýslu nr. 21, dags. 23.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar SASS nr. 531, dags. 06.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Efni til kynningar

- a) **Ályktun frá Ungmennaráðstefnu UMFÍ 2018**
- b) **Minnisblað Motus um greiðsluhraðayfirlit ásamt samningsformi**
- c) **Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands Reglubundið eftirlit í Þingborg**
- d) **Frá Ragnheiði Gló Gylfadóttur – úthlutun úr Fornminjasjóði vegna kortlagningar Flóa- og Skeiðaáveitu**
- e) **Opnun skrifstofu Fornleifastofnunar Íslands á Selfossi**
- f) **Frá Umhverfis- og tæknisviði – kynning á möguleikum í Kortasjá Loftmynda**
- g) **Frá Minjastofnun Íslands – styrkúthlutun Gamla Þingborg kr. 500.000**
- h) **Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga**
- i) **Frá Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita – Ársreikningur ársins 2017 og ársskýrsla ársins 2016**
- j) **Fréttatilkynning frá Sambandi sunnlenskra kvenna**
- k) **Skýrsla sveitarstjóra í apríl 2018**

Árni Eiríksson (sign)
Margrét Jónsdóttir (sign)
Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Eydis Þ. Indriðadóttir (sign)